

Ár 2002, föstudaginn 1. nóvember, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn dómur í kærumálinu nr. 2/2002:

Handknattleiksdeild Hauka

gegn

Ungmennafélagi Selfoss

Málið dæmir Jóhannes Albert Sævarsson.

Mál þetta var höfðað með kæru sem dagsett er 13. september 2002 og móttekin hjá skrifstofu HSÍ sama dag. Málið var þingfest 30. september s.l. og dómtekið sama dag. Dómur var kveðinn upp 7. október s.l. Áfrýjunardómstóll HSÍ ómerkti með dómi 23. október s.l. dóm Dómstóls HSÍ og vísaði málinu heim til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Á fundi Dómstóls HSÍ 24. október s.l. var ákveðið að Jóhannes Albert Sævarsson sæti einn í dómi Dómstóls HSÍ sem fjallaði að nýju um kærumál nr. 2/2002 fyrir dómstólnum. Boðað var til þinghalds 28. október s.l. og málinu þá frestað til frekari gagnaöflunar og aðalmeðferðar þann 30. október s.l. Aðalmeðferð fór fram þann dag og var málið tekið til dóms að loknum málflutningi aðila.

Frammi liggja eftirfarandi dómskjöl merkt nr. 1-29:  
[Sjá endurrit í dómabók HSÍ]

Álitaefni það sem borið hefur verið undir Dómstól HSÍ er synjun HSÍ frá 13. september s.l. á undirritun félagaskiptaeyðublaðs Robertas Pauzuolis (RP), kt. 281072-2349, þar sem leikmaðurinn fer fram á félagaskipti úr Ungmennafélagi Selfoss (UMF Selfoss) yfir í Hauka og þannig neitað leikmanninum um leikheimild með handknattleiksdeild (hkd.) Hauka fyrir en A-leikmannasamningi hans við hkd. Selfoss væri lokið.

#### **Dómkröfur kæranda:**

Hkd. Hauka hefur kært synjun HSÍ og gert þær dómkröfur aðallega að hkd. UMF Selfoss samþykki fyrir sitt leyti félagaskipti leikmannsins RP frá Selfossi til Hauka og til vara að stjórn HSÍ skrifi undir félagaskipti leikmannsins RP frá Selfossi til Hauka.

#### **Dómkröfur varnaraðila:**

Félag fjárfesta RP hefur f.h. hkd. UMF Selfoss skilað ódagsettri greinargerð til skrifstofu HSÍ, þar sem fram kemur að hkd. UMF Selfoss telur RP enn bundinn félaginu samkvæmt leikmannasamningi gerðum milli þeirra. Að mati dómsins ber að

líta á þessa staðhæfingu sem kröfu félagsins um að Dómstóll HSÍ staðfesti ákvörðun HSÍ um að synja RP um félagaskipti og leikheimild með hkd. Hauka. Við munnlegan málflutning krafðist lögmaður hkd. UMF Selfoss þess að dómurinn staðfesti synjun HSÍ um félagaskipti til handa RP og vísað í því sambandi til krafna sem fram koma á dskj. 21, sem er áfrýjun til Áfrýjunardómstóls HSÍ dags. 08.10.02, en þar er þessi krafa varnaraðila skýrt orðuð.

### **Málsástæður kæranda:**

Kærandi heldur því fram að með því að varnaraðili sagði þann 29. apríl 2002 upp viðaukasamningi við RP dags. 28.05.00 hafi A-leikmannasamningur RP við varnaraðila fallið niður. Sá samningur geti ekki staðið óhaggaður eftir að búið er að segja upp viðaukasamningi. Vísar kærandi til nýlegs dóms Dómstóls HSÍ í máli nr. 1/2002 máli sínu til stuðnings þar sem fram komi að þegar gerður er A-leikmannasamningur við leikmann þá sé jafnframt skylt að hafa gildan viðaukasamning við leikmanninn þar sem nánar er kveðið á um umbun sem leikmaður nýtur fyrir það að æfa og leika handknattleik með félaginu. Samningarnir gildi samhliða og skulu hafa sömu tímamörk. Þar sem ekki er í gildi A-leikmannasamningur sé ekkert því til fyrirstöðu að samþykkja félagaskipti.

### **Málsástæður varnaraðila:**

Varnaraðili telur að þrátt fyrir að viðaukasamningi við RP hafi verið sagt upp þá standi eftir sem áður gildur A-leikmannasamningur milli hkd. UMF Selfoss og RP sem fara skuli eftir. Félagaskipti verða ekki heimiluð eða leikheimild gefin út á meðan í gildi er slíkur samningur. Það hafi verið framkvæmdarvenja hjá HSÍ að synja um félagaskipti á meðan A-leikmannasamningur væri í gildi. Þar fyrir utan telur varnaraðili að á milli hkd. UMF Selfoss og RP hafi komist á nýr munnlegur viðaukasamningur í stað þess sem sagt var upp hinn 29. apríl 2002.

### **Niðurstaða dómsins:**

Kæra er dagsett 13. september 2002 og stimpluð um móttöku sama dag á skrifstofu HSÍ. Þannig hefur kæran borist innan 24 klst. kærufrestsins sem áskilinn er skv. 1. tl. 5. gr. reglugerðar um dómstól HSÍ. Einnig er lagt til grundvallar að uppfyllt hafi verið ákvæði 3. gr. sömu reglugerðar um kærurétt þannig að kærandi geti talist vera réttur aðili að málinu.

Aðalkröfu kæranda er vísað frá dómi þar sem ekki þykja vera rök til að dæma UMF Selfoss til að samþykkja félagaskipti sem félagið hefur lýst sig mótfallið. Varakröfu kæranda þykir mega skilja þannig að stjórn HSÍ skuli með dómi gert skylt að heimila félagaskipti RP og veita honum þannig leikheimild með hkd. Hauka að því gefnu að leikmaðurinn og kærandi hafi uppfyllt sammingsbundin skilyrði fyrir útgáfu slíkrar heimildar. Telst þessi krafa vera í samræmi við ákvæði b-liðar 3.1.3. í félagaskiptareglugerð HSÍ um heimild starfsmanna á skrifstofu HSÍ og formanns HSÍ

eða staðgengils hans úr stjórn til að undirrita félagaskiptaeyðublað. Verður ákvæði þetta ekki skilið á annan hátt en þann að neiti félag að undirrita félagaskiptaeyðublað án réttmætrar ástæðu þá hafi starfsmenn á skrifstofu HSÍ, stjórnarformaður HSÍ eða staðgengill hans sjálfstæða heimild til að undirrita félagaskiptin, eftir atvikum að undangengnum dómi.

Hkd. UMF Selfoss og RP undirrituðu A-leikmannasamning 20. september 2001 sem gilda átti til 1. maí 2003. Einnig hefur verið lagður fram undirritaður viðaukasamningur milli aðila dags. 28. maí 2000, sem gilda átti til 30. apríl 2003.

A-leikmannasamningur HSÍ skal notaður þegar um er að ræða peningagreiðslur (beinar og/eða bónusa) og/eða hverskonar hlunnindi, s.s. húsnæði, bíl, tryggingar, o.fl., til leikmanns fyrir það að æfa og leika með félaginu, að frátöldum nauðsynlegum keppnisbúnaði og ferðum í keppni innanlands, ásamt sjúkravörum. Í A-leikmannasamningi HSÍ segir að viðaukasamningur skuli ávallt hafa sömu tímamörk og A-leikmannasamningur viðkomandi samningsaðila.

Í ákvæði 3.3. í A-leikmannasamningi segir að samningsaðilar geti hvenær sem er orðið sammála um að leysa hvorn annan frá samningi þessum. Skal slíkt skriflega tilkynnt skrifstofu HSÍ. Í 3. gr. viðaukasamnings er kveðið á um heimild beggja aðila til að segja upp þeim samningi sem fjallar um greiðslur til RP en orðrétt segir í ákvæðinu:

*“Robertas Pauzuolis agrees to play handball for umf. Selfoss from 1. July 2000- 30. April 2003. The player has a summer- holiday in Mai and June 2001 and 2002. The contract can be terminated by both parts from 1. April to 30. April 2001 and 2002. The club have (sic) a right to get the sum they paid to Granitas Kaunas back when the player leaves, from the club he is going to.”*

Í málinu liggur fyrir að þann 29. apríl 2002 sagði hkd. UMF Selfoss upp viðaukasamningnum við RP samkvæmt heimild í 3. gr. samningsins. Kærandi telur að með uppsögn þess samnings hafi hkd. jafnframt sagt upp A-leikmannasamningi við RP og því hafi kæranda verið heimilt að semja við RP um að hann léki handknattleik fyrir Hauka. Kærandi vísar máli sínu til stuðnings til nýfallins dóms Dómstóls HSÍ í máli hkd. Hauka og hkd. Stjórnunnar, mál Dómstóls HSÍ nr. 1/2002. Skilja verður málflutning varnaraðila þannig að hann telji að A-leikmannasamningur sé í gildi þrátt fyrir uppsögn viðaukasamningsins. Uppsögn hkd. UMF Selfoss hafi aðeins beinst að viðaukasamningi og hvergi getið um A-leikmannasamning milli hkd. UMF Selfoss og RP í þeirri uppsögn. Um þetta atriði hefur varnaraðili vísað til framkvæmdarvenju HSÍ þar sem neitað hefur verið um félagaskipti þegar gildur A-leikmannasamningur hefur verið á milli aðila.

Ágreiningur aðila snýst fyrst og fremst um það hvort A-leikmannasamningur milli hkd. UMF Selfoss og RP hafi fallið niður fyrir uppsögn þann 29. apríl 2002. Í A-

leikmannasamningnum eru skýr fyrirmæli um að samhliða honum skuli gerður viðaukasamningur, sem felur í sér nánari útlistun á þeirri umbun, sem leikmaður nýtur fyrir það að æfa og leika handknattleik með félaginu. Viðaukasamningur skal ávallt hafa sömu tímamörk og A-leikmannasamningur viðkomandi samningsaðila. Það að fyrri samningurinn skuli gerður fyrir gildistöku núgildandi reglugerðar HSÍ um félagaskipti, sem samþykkt var á 44. ársþingi HSÍ sem haldið var 16. og 17. mars 2001, breytir ekki því að hkd. UMF Selfoss og RP undirrituðu A-leikmannasamning 20. september 2001 og gengust þar með undir þá skilmála að sá samningur og viðaukasamningur hefðu sömu tímamörk.

Viðaukasamningur milli aðila er hluti A-leikmannasamnings HSÍ, sem verður að skilja með hliðsjón af A-leikmannasamningi. A-leikmannasamningur HSÍ var gerður 20. september 2001, en viðaukasamningurinn 28. maí 2000. Með því að undirrita A-leikmannasamning gengust aðilar undir skilmála þess samnings um að samningarnir skuli ávallt hafa sömu tímamörk. Öðrum samningnum verður ekki sagt upp án þess að það hafi áhrif á gildi hins. Bæði á þetta við um tímamörk samninganna og eins efni. Það er ófrávíkjanlegt gildisskilyrði A-leikmannasamnings að samtímis sé í gildi viðaukasamningur sem fjallar um kjör leikmannsins. Með því að segja upp viðaukasamningnum þann 29. apríl sl. þá féll jafnframt úr gildi A-leikmannasamningur RP við hkd. UMF Selfoss.

Varnaraðili hefur staðfhæft að nýr viðaukasamningur hafi komist á milli hkd. UMF Selfoss og RP. Fyrir dóminn kom Bergur Guðmundsson formaður hkd. UMF Selfoss og lýsti þeim samningsumleitunum sem voru í gangi milli hkd. UMF Selfoss og RP áður en viðaukasamningi aðila var sagt upp þann 29. apríl 2002. Lögð hafa verið fyrir dóminn nokkur óundirrituð samningsuppköst milli aðila það síðasta dagsett þann 29. apríl s.l. Bergur hélt því fram fyrir dómi að eftir þetta tímamark hafi aðilar handsalað samkomulag um kjör RP og hafi átt að ganga frá því skriflega með viðhöfn á blaðamannafundi. Áður en til þess fundar var boðað hafi borist fregnir af samkomulagi RP við hkd. Hauka. Fyrir dóminn kom Robertas Pauzuolis og staðfesti að aðilar hefðu átt í samningaviðræðum um nýjan viðaukasamning. Þær viðræður hafi hins vegar ekki leitt til samkomulags vegna ágreinings um kjör RP. Aðspurður kannaðist hann ekki við að hafa handsalað samning eins og varnaraðili heldur fram.

Dómurinn telur ósannað gegn eindreginni neitun RP að samningur hafi komið á milli hans og varnaraðila eftir 29. apríl 2002. Í A-leikmannasamningi HSÍ er gert ráð fyrir því sem ófrávíkjanlegu skilyrði að slíkur samningur skuli vera skriflegur.

Að öllu þessu virtu þykir rétt að taka til greina varakröfu kæranda og að HSÍ verði gert að heimila félagaskipti Robertas Pauzuolis úr UMF Selfossi yfir í Hauka með undirritun formanns eða starfsmanns HSÍ á félagaskiptaeyðublað og veita leikmanninum þannig leikheimild með hkd. Hauka, enda þykir gildur A-leikmannasamningur ekki standa því í vegi.

## **DÓMSORÐ:**

HSÍ skal heimila félagaskipti Robertas Pauzuolis úr Ungmennafélagi Selfoss yfir í Hauka.

---

Jóhannes Albert Sævarsson